

# Fræðslunefnd

## FUNDUR – 13. október 2008

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar mánudaginn 13. október 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Starf Grunnskólans – yfirferð skólastjóra
2. Erindi frá Sigríði Helgu Sigurðardóttur um hvort áhugi sé á að opna framhaldsskóladeild á Blönduósi.
3. Erindi frá Lee Ann Maginnis v/námsstofu fyrir fjarnámsnemendur
4. Tilkynning um breytingu á framkvæmd samræmdra könnunarprófa
5. Skýrsla Lýðheilsustöðvar vegna könnunar á aðstöðu barna og unglinga
6. Kynningafundir vegna nýrra skólalaga
7. Heimildir til upplýsingaöflunar um starfsmenn við nýráðningar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008
8. Önnur mál

Zophonías Ari Lárusson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

### Afgreiðslur:

1. Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri fór yfir starf Grunnskólans, ýmsir viðburðir hafa verið fyrir börn, foreldra og starfsfólk skólans, s.s. tónlistarupptökur, leiksýning, vettvangsferðir, námskeið, auk hefðbundinnar kennslu. Rætt var um að gera sérstakar ráðstafanir úti á skólalóð við vinnusvæðið við sundlaug vegna umferðar þungavinnutækja á skólalóðinni til að tryggja öruggi allra.
2. Formaður kynnti bréf frá Sigríði Helgu Sigurðardóttur um hvort áhugi sé á að opna framhaldsskóladeild. Nefndin tekur jákvætt í erindið og ákveðið var að fá upplýsingar um hvernig þetta hefur gengið á öðrum stöðum þar sem reknar eru framhaldsskóladeildir og safna saman gögnum til að vinna úr og taka malið upp aftur á fundi síðar. Nefndin þakkar Sigríði Helgu fyrir bréfið.
3. Formaður kynnti bréf frá Lee Ann Maginnis vegna námsstofu fyrir fjarnámsnemendur. **Afgreiðsla**, nefndin samþykkti að vísa því til bæjarráðs að móta framtíðarstefnu um fullorðinsfræðslu, með tilliti til námsstofu og framhaldsskóladeildar og jafnframt verði gerðar úrbætur strax svo að allir fjarnemar geti tekið próf á Blönduósi og fjármagn verði veitt til þess og alls málaflokksins.
4. Þórhalla kynnti breytingar á framkvæmd samræmdra könnunarprófa.
5. Formaður kynnti skýrslu Lýðheilsustofnunar vegna aðstöðu barna og unglinga.
6. Gert er ráð fyrir almennum kynningarfundi á Blönduósi um nýju slólalögin þann 5. nóvember nk. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.
7. Heimildir til upplýsingaöflunar um starfsmenn við nýráðningar lagt fram til kynningar.

8. Önnur mál.

Umræður voru um skólamáltíðir. Rætt var um útvistartíma barna og ástæða er að minna á nauðsyn þess að virða hann. Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 19.15

Zoph.Ari Lárusson

Sunna Gestsdóttir

Auðunn Steinn Sigurðsson

Árný Þóra Árnadóttir

Jakobína Halldórsdóttir

Þórhalla Guðbjartsdóttir

Jóhanna Lilja Árnadóttir

Hanna Jörgensen, fulltrúi foreldra